# NEYTENDAHEGÐUN

13. maí 2025
Málþing Matís um framtíð matvælaframleiðslu



# Morgunblaðið
# 29. júní 1980




**Nýkomnir ávextir**

Appelsínur aðeins
**495** kr. kg.

Rauð epli
**865** kr. kg.

**HAGKAUP**
Reykjavík og Akureyri.

**BMW**

**TOPP**
Litsjónvarpstæki
á verði sem á sér ekki hliðstæðu

22" 656.000.–
Staðgr. 623.000.–
26" 733.500.–
Staðgr. 696.500.–

silora

Engir milliliðir.

Árs ábyrgð
— 3 ár á myndlampa.

Tækin koma í gámum beint frá framleiðanda.

Ekta viðarkassi
Palisander- Teck- Hnota

Verzlið beint við fagmanninn, það tryggir örugga þjónustu.

**SJÓNVARPSVIRKINN**
ARNARBAKKA 2
71640

silora



# Staðan um 1980

Eldað frá grunni
- Lambakjöt
- Fiskur (ýsa)
- Mjólk og skyr
- Kartöflur

**Heimild:** Tímaraðir Hagstofunnar
https://px.hagstofa.is/pxen/pxweb/en/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__landbunadur__landframleidsla/LAN10202.px



# Staðan um 1980

Eldað frá grunni
- Lambakjöt
- Fiskur (ýsa)
- Mjólk og skyr
- Kartöflur

| **Ár** | **Kjúklingur** | Svínakjöt | **Lambakjöt** | Nautakjöt |
|---|---|---|---|---|
| **1983** | **4,3 kg** | 4,9 kg | **45,3 kg** | 8,8 kg |

**Heimild:** Tímaraðir Hagstofunnar
https://px.hagstofa.is/pxen/pxweb/en/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__landbunadur__landframleidsla/LAN10202.px



# Morgunblaðið
# 14. apríl 1989

Guðrún Guðlaugsdóttir ræðir við Laufeyju Steingrímsdóttur næringarefnafræðing

Þegar lýstur saman gömlum og nýjum sjónarmiðum og allt stangast á verður afleiðingin ringulreið. Það er óskaplega erfitt að vita ekki hvað maður á að láta í sig. Sumir borða kannski með vondri samvisku allskonar matartegundir sem komist hafa í fréttir vegna sagna um hugsanlega óhollustu, og verður svo hreinlega bumbult af of mikilli sektarkennd. Þetta er ekki gott ástand. Stjórnvöld hafa einhvern veginn skynjað vandræði þegnanna í þessum efnum og hafa brugðið hart við. Þeir ætla sér að höggva á hnútinn með því að láta gera manneldiskönnun mikla og móta stefnu í mataræði landsmanna m.a. með tilliti til niðurstaðna hennar. Það er Laufey Steingrímsdóttir næringarefnafræðingur sem hefur yfirumsjón með þessari könnun. Blaðamaður Morgunblaðsins gekk einn daginn upp í heilbrigðisráðuneyti á fund Laufeyjar til þess að ræða um mataræði Íslendinga við hana.

https://island.is/s/landlaeknir/frett/endurskodadar-radleggingar-um-mataraedi

# Endurskoðaðar ráðleggingar um mataræði

Hlusta

12. mars 2025

Embætti landlæknis birti í dag endurskoðaða útgáfu opinberra ráðlegginga um mataræði fyrir fullorðna og börn frá tveggja ára aldri.

Faghópur á vegum embættisins vann að gerð ráðlegginganna sem byggja á bestu vísindalegu þekkingu á sambandi mataræðis og heilsu en einnig er tekið tillit til matarvenja þjóðarinnar. Ráðleggingar um mataræði voru fyrst gefnar út á Íslandi árið 1986 en síðan þá hafa þær verið endurskoðaðar fjórum sinnum. Þessi endurskoðun fylgir ávallt í kjölfar uppfærslu á Norrænum næringarráðleggingum þar sem hópur sérfræðinga fer kerfisbundið yfir rannsóknir á sviði næringar og heilsu.




Mikilvægt er fyrir almenning að hafa aðgang að traustum upplýsingum um mataræði, enda hefur það sem við borðum og drekkum mikil áhrif á heilsuna. Með því að fylgja

# Þróun síðustu 40 ár

| **Ár** | Kjúklingur | Svínakjöt | **Lambakjöt** | Nautakjöt |
|---|---|---|---|---|
| **1983** | **4,3 kg** | 4,9 kg | **45,3 kg** | 8,8 kg |
| **2015** | **27,6 kg** | 21,0 kg | **19,5 kg** | 14,1 kg |
| **2022** | **30,7 kg** | 20,7 kg | **14,9 kg** | 16,0 kg |

**Heimild:** Tímaraðir Hagstofunnar
https://px.hagstofa.is/pxen/pxweb/en/Atvinnuvegir/Atvinnuvegir__landbunadur__landframleidsla/LAN10202.px



# Þróun síðustu 40 ár






# Áhrif á neytendahegðun

**Ferðalög:** Íslendingar sækja matarmenningu út og flytja með heim
- Pizzur
- Burrito og taco
- Núðluréttir
- Kebab

Mexíkó og asísk áhrif hafa aukið neyslu á kjúklingi

**Íbúasamsetning**

**EES samningur:** frjálst flæði
- Vörur
- Fólk

**Samgöngur**

**Tækni:**
- Eldunaraðferðir
- Internet og samfélagsmiðlar

**Heilsa og lífstíll:**
- Innihald
- Vegan, grænmetisæta, pescetarían, flexitarían
- Kjötæta, ketó, paleó

**Sjálfbærni:**
- Innihald
- Uppruni

**Verð:**
- Tollar
- Virðisauki



# Áhrif á neytendahegðun

Neytendahegðun mótast af fjölmörgum þáttum, þar á meðal menningu, aðgengi, upplýsingum og ekki síst ytri aðstæðum á borð við efnahagsástand.

Grunnþarfir (botn Maslow pýramídans):

- Matur sem orka til að lifa af

Þegar fjárhagur er þröngur beinist athyglin fyrst og fremst að því að uppfylla grunnþarfir – að eiga fyrir mat og nauðsynjum.

Þegar grunnþörfum er fullnægt, skapast rými fyrir meðvitaðri ákvarðanatöku um hvað við neytum, hvaðan maturinn kemur og hvernig hann er framleiddur og meðhöndlaður.

Munum borða öðruvísi eftir 40 ár heldur en í dag!



# Pældu aðeins
# í Prísnum!